

12. gr.

(1) Samningur þessi skal fullgiltur. Skiptast skal á fullgildingarskjöllum í Reykjavík eins fljótt og unnt er.

(2) Samningur þessi skal öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánaðar frá þeim mánuði að telja er skipst er á fullgildingarskjöllum en þó eigi fyrr en reglugerðin öðlast gildi í samskiptum samningsríkjanna.

(3) Samningur þessi skal gilda um óákveðinn tíma. Hvort samningsríkjanna getur sagt honum upp skriflega eftir diplómátskum leiðum með þriggja mánaða fyrirvara.

(4) Komi til uppsagnar skal samningur þessi gilda áfram um öll áunnin réttindi.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar samningsríkjanna, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Vín, 18. nóvember 1993, í tveimur frumritum á þýsku og íslensku og skulu báðir textar jafngildir.

Fyrir lýðveldið Ísland:
Guðmundur Árni Stefánsson

Fyrir lýðveldið Austurríki:
Josef Hesoun

Artikel 12

(1) Dieses Abkommen ist zu ratifizieren. Die Ratifikationsurkunden sind so bald wie möglich in Reykjavík auszutauschen.

(2) Dieses Abkommen tritt am ersten Tag des dritten Monats nach ablauf des Monats in Kraft, in dem die Ratifikationsurkunden ausgetauscht werden, frühestens aber mit dem Inkrafttreten der Verordnung im Verhältnis zwischen den beiden Vertragsstaaten.

(3) Dieses Abkommen wird auf unbestimmte Zeit geschlossen. Jeder Vertragsstaat kann es unter Einhaltung einer Frist von drei Monaten schriftlich auf diplomatischen Weg kündigen.

(4) Im Falle der Kündigung gelten die Bestimmungen dieses Abkommens für erworbene Ansprüche weiter.

Zu Urkund dessen haben die Bevollmächtigten beider Vertragsstaaten dieses Abkommen unterzeichnet.

Geschehen zu Wien, am 18. November 1993, in zwei Urschriften, in isländischer und deutscher Sprache, wobei beide Texte in gleicher Weise authentisch sind.

Für die Republik Island:
Guðmundur Árni Stefánsson

Für die Republik Österreich:
Josef Hesoun

10. maí 1995

Nr. 19

AUGLÝSING

um viðurkenningu Íslands á lögsögu mannréttindadómstóls Evrópu.

Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins hefur verið afhent yfirlýsing um viðurkenningu Íslands á lögsögu mannréttindadómstóls Evrópu. Yfirlýsingin gildir ótímabundið frá 2. september 1994 nema yfirlýsing um annað verði gefin.

Yfirlýsingin er gefin skv. 46. gr. samnings frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1954, þar sem samningurinn er birtur, og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1969, 6/1987, 21/1989 og 39/1991, 2. mgr. 6. gr. viðbótarsamnings nr. 4 við samninginn frá 16. september 1963, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1967, þar sem viðbótarsamningurinn er birtur, og 39/1991, og 2. mgr. 7. gr. viðbótarsamnings nr. 7 við samninginn frá 22. nóvember 1984, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1987, þar sem viðbótarsamningurinn er birtur, og 21/1989.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Útanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.